

Smábátafélagið Snæfell

09.02.2021

Umsögn smábátafélagsins Snæfells við frumvarpi til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006 (atvinnu og byggðarkvótar o.fl.).

Þingskjal 625-418. mál

Skipting aflamagns

Aflamagn sem tekið hefur verið til hliðar skv. 3. mgr. 8. gr., skiptist milli eftirfarandi ráðstafana í þessum hlutföllum:

3. Til að stuðla að fjölbreytni og veita tækifæri til nýliðunar í sjávarútvegi um land allt:

44,84%

a. Strandveiðar, 35,40%

Strandveiðar 35,40% gera 9500 tonn sem er það aflamagn sem ætlað er til strandveiða, en afli strandveiðibáta árið 2020 var 10700 tonn. Það er því alveg ljóst að bæta þarf við þennan pott þar sem hann dugar ekki þeim bátafjölda sem stundar strandveiðar. Réttast væri að taka úr varasjóð vegna óvæntra áfalla og bæta því við strandveiðarnar.

Almennur byggðakvóti

Snæfell óskar eftir að heimildir til byggðakvóta verði skilyrtar til sveitarfélaga samkvæmt reglum sem mótaðar hafa verið. Rétt til nýtingar byggðakvóta hafa útgerðir dagróðrabáta sem skráðar eru í viðkomandi byggðarlagi og bátar í þeirra eigu sem skráðir eru með heimahöfn í byggðarlaginu og stunda dagróðra þaðan, enda hafi viðkomandi uppfyllt framangreint á næstliðnu fiskveiðiári.

Úthlutun:

- a. með ívilnun á aflaheimildir við löndun með sama hætti og um línuívilnun sé að ræða.
- b. 10 tonnum í upphafi hvers fiskveiðiárs til útgerða þar sem eigandi hennar hefur átt heimilisfesti í byggðarlaginu sl. 10 ár.

Sala afla:

- Fiskvinnsla í viðkomandi byggðarlagi hefur forkaupsrétt að afla þeirra báta sem njóta byggðaívilnunar.
- Greitt verði meðaltalsverð sem fæst á nærliggjandi fiskmörkuðum á löndunardegi.
- Greiðslufyrirkomulag og greiðslutrygging skal vera með sama hætti og hjá aðilum sem kaupa af fiskmörkuðum.
- Þar sem ekki er fiskvinnsla skal aflinn boðinn upp á fiskmarkaði.

Strandveiðar

Snæfell mótmælir harðlega tillögu ráðherra í frumvarpinu um að horfið verði til fyrra kerfis sem var við lýði fyrir árið 2018, það kerfi var aflagt til að bæta öryggi sjómanna og til þess að allir fengju jafn marga daga á strandveiðum. Snæfell vill að tryggt verði að hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát verði heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. maí til 31. ágúst. Hámarksafli á dag verði óbreyttur. Snæfell mótmælir þeim hugmyndum harðlega sem eru í frumvarpinu um að festa strandveiðar inn í „heildarpotti“ sem tekur mið af aflamarkskerfinu. Með því er verið að þvinga sóknarmarksfyrirkomulag strandveiðanna inn í aflamarkskerfið. Hægt væri að nýta almennan byggðarkvóta til þess að taka þær sveiflur sem myndast á milli ára í þörf á aflamagni inn í strandveiðikerfið, en þörf á aflamagni ræðst af því

hve margir bátar stunda veiðarnar ár hvert. Snæfell fagnar því fyrirkomulagi sem hefur verið á strandveiðum undanfarin þrjú ár.

Línuívilnun

Línuívilnun væri best fyrir komið þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitningu, 20% við uppstökkun og 10% fyrir vélabáta. Ef heimildir nýtast ekki til línuívilnunar á hverju þriggja mánaða tímabili ættu þær að færast yfir á næsta þriggja mánaða tímabil og væri þá hægt að hækka línuívilnuna.

Varasjóður vegna óvæntra áfalla

Þessi pottur á ekki rétt á sér og væri best að færa þær heimildir sem ætlaðar eru í varasjóð yfir í strandveiðar. Stjórnvöld þurfa að taka á óvæntum áföllum hverju sinni en ekki með svona potti. Úthlutun úr þessum potti verður alltaf umdeild og hætta er á að hann verði nýttur í pólitískum tilgangi.

6. gr.

Þetta á engan rétt á sér, aðlögunartími útgerða sem hafa þegið skel og rækjubætur hefur verið nægilega langur til þess að þær gætu komið undir sig fótunum. Einnig eru margir aðilar sem hafa keypt skel eða rækjubætur en hafa aldrei stundað veiðar á skel eða rækju. Þessum heimildum væri best fyrirkomið í strandveiðum.

Stjórn Snæfells er tilbúin að koma til fundar með Atvinnuveganefnd ef þess er óskað.

Með virðingu og vinsemd.

Fyrir hönd stjórnar Snæfells,
Runólfur Kristjánsson
Guðlaugur Gunnarsson
Lúðvík Smáráson
Bergvin Sævar Guðmundsson
Jóhann Steinsson